

1.

Það var lítill flórgoði
að synda' um tjörnina' alla.

Lítill flórgoði

- hvað var hann að bralla?!

Hann synti' um og glefsaði' í liljublað


Hann kvakaði hátt og sagði:

"Veistu hvað,

ég er lítill flórgoði

að synda' um tjörnina' alla.

Gví, gví, gví".



2.

Það var lítill, grænn froskur
að hoppa' um tjörnina' alla.

Lítill, grænn froskur

- hvað var hann að bralla?!

Hann hoppað' og settist á liljublað,

hann kvakaði hátt og sagði:

"Veistu hvað,

ég er lítill, grænn froskur,
að hoppa' um tjörnina' alla.

Ribbit-ribbit-ribbit."



3. Það var lítil, svört bjalla
að fljúga' um tjörnina' alla.
Lítil, svört bjalla.
- hvað var hún að bralla?!
Hún heimsótti froskinn á liljublað,

hún suðaði hátt og sagði:
"Veistu hvað,
ég er lítil, svört bjalla
að fljúga' um tjörnina' alla.
Bzzt-bzzt-bzzt."



4.

Það var lítil rauð, slanga
að synda' um tjörnina' alla.

Lítil, rauð slanga
- hvað var hún að bralla?!

Hún hræddi flórgoða og frosk af stað,

svo bjölluna hún át og sagði:

"Veistu hvað,

Ég er lítil, södd slanga'
að synda' um tjörnina' alla.

Ssss-Sss-Sss."



5.

Nú er enginn eftir
á ferð um tjörnina' alla.
Enginn eftir
og enginn neitt að bralla.
Bara eitt autt, lítið liljublað

Enginn flórgoði né froskur
- leitt mér þykir það!
Það er enginn eftir
á ferð um tjörnina' alla
bú-hú-hú.

